



SORPA



SORPA bs. Rekstraryfirlit Q1 2025

SORPA bs

	Q1-2025	Áætlun	Frávik	Q1-2024	Vöxtur
Tekjur	1.942,0	1.993,5	-2,6%	1.990,1	-2,4%
Gjöld	1.524,3	1.602,3	-4,9%	1.660,1	-8,2%
Laun og tengd gjöld	640,2	631,1	1,4%	551,4	16,1%
Niðurstaða fyrir afskriftir	417,7	391,2	6,8%	330,0	26,5%
Afskriftir	163,9	163,9	0,0%	103,4	58,5%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-66,9	-67,3	-0,6%	-56,4	18,5%
Rekstrarafkoma	186,9	160,1	16,7%	170,2	9,8%

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Til: Stjórnar SORPU bs.

Efni: Tölfræði urðunar úrgangs í Álfsnesi og staða starfsleyfisumsóknar

8. maí 2025

Tölfræði urðunar úrgangs í Álfsnesi og staða starfsleyfisumsóknar

Samantekt

- Verulegur samdráttur varð í móttæknu magni úrgangs í Álfsnesi árið 2024 til samanburðar við fyrri ár.
- Þörf fyrir úrgangsefni í yfirlag eða aðra nýtingu á urðunarstað SORPU í Álfsnesi var því minni. Því er nauðsynlegt að endurskilgreina tiltekna úrgangsflokka og telja þá fram sem urðun í stað endurnýtingar.
- Umsókn um endurnýjun starfleyfis urðunarstaðarins í Álfsnesi er nú í mati hjá Umhverfis- og orkustofnun. Sótt var um heimild til urðunar á allt að 60 þúsund tonnum í þeim úrgangsflokkum sem nú er tekið á móti í Álfsnesi.


Úrgangi beint í aðra farvegi en urðun

Árið 2024 markaði þáttaskil í meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu. Urðun á lífrænum úrgangi var hætt, en matarleifar fóru allt það ár til gas- og jarðgerðar, og blandaður úrgangur var sömuleiðis fluttur til Svíþjóðar í brennslu með orkunýtingu. Auk þess var lyktarsterkum úrgangsstraumum beint í aðra farvegi, s.s. dýrahæjum, sláturúrgangi og fleiri úrgangstegundum.

Líkt og stefnt var að varð verulegur samdráttur í magni úrgangs sem urðaður var í Álfsnesi árið 2024 miðað við fyrri ár. Eðli málsins samkvæmt var því minni þörf fyrir efni til endurnýtingar á urðunarstaðnum, en nokkrir úrgangsflokkar hafa að jafnaði verið taldir fram sem slíkir þar sem þeir hafa verið nýttir t.d. í yfirlag. Má þar telja jarðveg, garðaúrgang, ösku, uppsóp og hrossatað. Lituð timburflís hefur verið nýtt sem þrýstijöfnunarlag og steinefni hafa nýst sem undirstöðuefni undir plön og vegstæði á svæðinu.

Nauðsynlegt var því að endurskilgreina efnisflokka sem áður voru taldir til endurnýtingar, sem urðun. Á það sem dæmi við um steinefni, ösku og uppsóp af götum höfuðborgarsvæðisins.

Á mynd 1 má sjá þróun í móttæknu magni úrgangs, sem ráðstafað hefur verið á urðunarstaðnum síðustu ár. Árið 2024 var timbur auk þess móttekið og meðhöndlað í Álfsnesi en það á aðra farvegi en urðunarstaðinn - nýtist sem stoðefni í GAJU, sem kolefnisgjafi hjá Elkem eða fer til brennslu með orkunýtingu erlendis og er því ekki talið með á myndinni.



Mynd 1. Þróun í magni úrgangs sem ráðstafað er á urðunarstaðnum í Álfsnesi (tonn).

Endurnýjun starfsleyfis

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis urðunarstaðar SORPU í Álfsnesi er nú í vinnslu hjá Umhverfis- og orkustofnun. SORPA hefur sótt um heimild til urðunar á allt að 60.000 tonnum en talið er nauðsynlegt að hafa svigrúm í magni þar sem ófyrirséðar breytingar í samfélaginu geta kallað á urðun á meira magni í þeim úrgangsflokkum sem nú eru heimilir á urðunarstaðnum, samkvæmt eigendasamkomulagi. Auk þess geta komið upp aðstæður þar sem lokast fyrir útflutning á úrgangi og þá þurfa sveitarfélögin að eiga möguleika á að geta sinnt sinni lögbundnu skyldu - að taka við þeim úrgangi sem fellur til á svæðinu til förgunar.

Samandregin niðurstaða

Breytt skilgreining á ráðstöfun úrgangsflokka sem áður töldust endurnýting, leiðir til þess að meira magn telst urðun árið 2024 en annars hefði verið. Í því samtali sem nú á sér stað við Umhverfis- og orkustofnun varðandi endurnýjun starfsleyfis og vegna gagnaskila um tölfræði úrgangs, kunna að verða lítilvægar breytingar á þeirri mynd af magntölum sem sýnd er í súluritinu sem 2024b.

Virðingarfyllt,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Til: Stjórnar SORPU

Efni: Breyting á gjaldskrá vegna hrossataðs

12. maí 2025

Breyting á gjaldskrá

Samantekt:

- Hestamannafélögin hafa átt í erfiðleikum með að losa sig við hrossatað þegar losunarstöðum var lokað af heilbrigðiseftirliti höfuðborgarsvæðisins.
- Mikil og góð samskipti hafa verið á undanförunum misserum á milli SORPU bs. og hagaðila um vandann og lausnir.
- Stefnt er að því að finna lausnir til frambúðar þar sem hrossataðið nýtist sem áburður eða uppgræðsluefni á örfoka land. SORPA bs. mun breyta móttökuskilmálum og gjaldskrá sinni til að mæta þörfum hagaðila.
- Lagt er til að gjald fyrir hrossatað verði 31.000 kr. m.vsk. fyrir hvern farm, líkt og gjaldskrá vegna jarðvegs sem kemur upp í Álfsnes.

Minnisblað:

Á undanförunum misserum hefur borið á athugasemdum og fréttum um að hestamannafélögin eigi í vandræðum með að losa sig við hrossatað eftir að heilbrigðiseftirlit höfuðborgarsvæðisins lokaði losunarstöðum sem verktakar hestamannafélaganna hafa haft aðgang að varðandi losun á hrossataði.

Starfsmenn SORPU bs. hafa verið í miklum og jákvæðum samskiptum við hestamannafélögin og unnið áætlun um móttöku á hrossataði inn á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins. Vinnuaðferðum á urðunarstað verður breytt og mótteknir farmar verða stærri, sem gera SORPU bs. fært að breyta gjaldskrá. Búast má við auknu magni í kjölfarið.

Stjórnendur SORPU telja litlar líkur á að þessi aukning í magni muni hafa neikvæð grenndaráhrif. Lykt af hrossataði er almennt óveruleg og sérstaklega þegar það hefur verið geymt í nokkrar vikur, og meginþorri þess efnis sem kemur til SORPU hefur verið geymt utan Álfsness í einhverja mánuði. Efninu verður þar að auki blandað við annað uppgræðsluefni í Álfsnesi.

Samandregið þá er líklegt að það komi talsvert magn af hrossataði til landmótunar í Álfsnes á næstu mánuðum, en markmiðið er að finna lausn til frambúðar þar sem hrossataðið nýtist sem áburður eða uppgræðsluefni á örfoka land.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.